

Ársfundur 2008

Skýrsla rektors á ársfundi Listaháskóla Íslands 24. nóvember 2008

- starfsárið 07 - 08

Starfsemi stjórnar:

Ársfundur 2007 haldinn 10. des. Sérstaklega var fjallað um stjórnarsýslu og gæðamál skólans í samhengi við umsókn skólans um *viðurkenningu* til menntamálaráðuneytis. Fundargerð og skýrslur liggja fyrir á vefsvæði skólans.

Stjórnarfundir 07 - 08 voru alls 14.

Skipan stjórnar: Karólína Eiríksdóttir, formaður
Sigurður Nordal, varaformaður
Pétur Einarsson
Kristinn E. Hrafnsson
Stefán Pétur Eggertsson.

Stjórn skólans starfar í samræmi við skipulagsskrá skólans og eftir sérstökum starfsreglum frá 2004 þar sem kveðið er á um skipulag stjórnarstarfa, starfshætti, hlutverk og skyldur stjórnarinnar. Starfsreglur og skipulagsskrá er að finna á vefsvæði skólans.

Samstarf stjórnar og stjórnenda fer fram með ýmsum hætti, m.a.:

- Rektor situr stjórnarfundum og er tengiliður stjórnar við starfsemina.
- Framkvæmastjóri situr fundum stjórnar eftir því sem tilefni kalla á.
- Lögfræðingur skólans veitir stjórn ráðgjöf og vinnur að sértækum verkefnum.
- Deildarforsetar og forstöðumenn eru kallaðir til fundum við stjórn um einstök mál er varða þeirra málefni sérstaklega.
- Haldinn er sameiginlegur fundur stjórnar og stjórnenda í byrjun almanaksárs þar sem farið er yfir öll helstu mál skólans.
- Stjórnarmenn sækja síðustu lotu vinnufundar stjórnenda að vori.

Fundir stjórnenda og samráð:

Bókaðir fundir stjórnenda skólans voru alls 10 starfsárið 2007 – 08. Til þeirra fundum eru boðaðir auk rektors deildarforsetar skólans, framkvæmdastjóri, og einstakir forstöðumenn eftir því sem við á. Samráðsfundir stjórnenda og forstöðumanna voru á sama tíma alls 5.

Háskólafundur með stjórnendum skólans og kennurum var haldinn 27. maí. Fundurinn var helgaður rannsóknum og rannsóknarstarfsemi innan skólans.

Tölfræði um nemendur:

Nemendur skólaárið 2007 – 08 voru 383, sem er aðeins níu nemendum fleira en árið áður; karlar voru 38,1 %, og konur 61,9 %.

Haustið 2008 hófu 428 nemendur nám við LHÍ, 38, % karlar og 62 % konur. Búast má við einhverjum breytingum á þeim fjölda eftir því sem líður á skólaárið.

Mestur munur á fjölda eftir kyni er í kennaranámi og í myndlistardeild, í kennaranámi voru 2007 – 2008 86% nemenda konur og 14% karlar, og í myndlistardeild voru konur 76.5% og karlar 23,5%. Kynjahlutföll voru jöfnust í leiklistardeild og tónlistardeild, þar sem svipaður fjöldi af báðum kynjum stundaði nám.

Skiptinemar erlendis frá voru þetta sama ár alls 30, frá hinum ýmsu Evrópulöndum. Þrír þeirra stunduðu nám á báðum námsönnum. Sami fjöldi skiptinema fór héðan til náms erlendis.

Útskrift vorið 2008:

Útskrift skólans fór fram með hátíðarsamkomu í Borgarleikhúsinu 31. maí í Borgarleikhúsinu. Magnús Pálsson, myndlistarmaður, hélt hátíðarræðu. Að venju komu fram góðir listamenn við athöfnina.

Alls útskrifuðust 106 nemendur úr skólanum síðastliðið vor og enginn útskrifaðist sl. haust.

Þeir skiptast þannig eftir deildum:

Hönnunar- og arkitektúrdeild:	35
Myndlistardeild:	23
Leiklistardeild:	9
Tónlistardeild:	23
Kennaranám:	16

Fjöldi umsókna um nám:

Umsóknir um nám fyrir síðasta skólaár, þ.e. fyrir skólaárið 2007- 08, voru 412, um 30% þeirra voru frá körlum, um 70% frá konum. Þetta er meira en eitt hundrað færri umsóknir en árið áður og munar þá mestu um að ekki var auglýst eftir umsóknum um nám í leiklistardeild.

Af þessum hópi voru teknir 128 nýir nemendur haustið 2007, eða um þriðjungur þeirra sem sóttu um nám.

Umsóknir um nám síðastliðið vor fyrir nám í haust voru töluvert fleiri, eða 585. Af þeim voru teknir inn 166, eða um 28,3%

Tölfræði um starfsmenn:

Alls voru stöðugildi við Listaháskólann skólaárið rétt tæplega 92, fjölgaði um fjögur frá árinu áður. Þessa fjölgun má að mestu rekja til fjölgunar stöðugilda í tónlistardeild.

Starfsmenn skiptast þannig eftir stöðugildum:

Kennarar:	60,71 stöðugildi
þar af 35,11 stöðugildi fastráðinna kennara og deildarforseta og 25,6 stöðugildi fyrir stundakennara.	

Starfsfólk stoðsviða:

þ.m.t. starfsmenn háskólaskrifstofu, starfsmenn bókasafns, rannsóknþjónustu, tölvusviðs, mötuneytis, fjármálaskrifstofu, framkvæmdastjóri og rektor, alls:
30,7 stöðugildi

Að meðaltali eru 0,239 (23,9) stöðugildi á nemanda, eða um einn starfsmaður fyrir hverja fjóra nemendur, sem er sama hlutfall og árið áður.

Breytingar á ráðningum fastra starfsmanna:

Akademískir starfsmenn.:

Deildarforseti myndlistardeildar, Kristján Steingrímur Jónsson, endurráðinn til þriggja ára frá og með 1. ágúst síðastliðnum

Deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar, Jóhannes Þórðarson, endurráðinn til þriggja ára frá og með 1. ágúst síðastliðnum.

Starf deildarforseta fyrir nýja listkennsludeild var auglýst laust til umsóknar í haust, og verður ráðið til starfsins á næstu dögum.

Háskólakennarar í myndlistardeild:

Einar Garibaldi Eiríksson, prófessor í myndlist, lét af störfum í lok síðasta skólaárs í samræmi við ákvæði um hámarksráðningartíma í reglum um ráðningu akademískra starfsmanna.

Nýir háskólakennarar á sviði myndlistar:

Katrín Sigurðardóttir, tók við stöðu prófessors, 50% stöðugildi, 1. ágúst 2008.

Hulda Stefánsdóttir, hóf störf sem prófessor í fullu stöðugildi frá og með 1. ágúst 2008.

Háskólakennarar í tónlist:

Árni Heimir Ingólfsson, dósent, fékk frí launalaust frí frá störfum sem dósent í tónlistarfræðum frá og með 1. janúar 2008. Leyfið gildir til tveggja ára.

Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum, og Gunnar Kvaran, prófessor í kammertónlist og strengjaleik, voru báðir endurráðnir til þriggja ára frá og með 1. ágúst 2008.

Háskólakennarar í hönnunar- og arkitektúrdeild:

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun, var endurráðin til þriggja ára frá og með 1. ágúst 2008. Fyrsta árið gegnir hún rannsóknarstörfum auk þess að hafa yfirumsjónar með sinni braut. Sigríður er fyrsti háskólakennarinn við sem sérstaklega er ráðin til rannsóknarstarfa fyrir skólann.

Nýir fagstjórar skólaárið 2007 – 08:

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir tók við starfi fagstjóra í fræðigreinum myndlistar á síðasta skólaári.

Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir var ráðin fagstjóri í vöruhönnun frá og með 1. ágúst 2008.

Stefán Jónsson tók við starfi fagstjóra á leikarabraut þann 1. ágúst síðastliðinn.

Aðrir starfsmenn:

Sigrún Harðardóttir gegnir starfi umsjónarmanns vídeóvers frá og með 1. ágúst 2008.

Ingibjörg Kristinsdóttir, námsráðgjafi, var ráðin í starf námsráðgjafa skólans í 50% starfshlutfalli frá og með 1. ágúst 2008.

Sylvía Hlín Matthíasdóttir var ráðin í starf launafulltrúa frá og með síðustu áramótum.

Húsnæði og framkvæmdir:

Listaháskólinn starfar á á þremur stöðum í borginni, í Laugarnesi, Skipholti og að Sölvhólsgöti. Alls um 10.000 m². Umreiknað gagnvart fjölda nemenda þá eru að meðaltali 26,1 m² á nemanda, langmest í Laugarnesi (37,1 m² pr. nemanda) en þringst er í Skipholti, eða um 19,1 m² pr. nemanda).

Lítið var um framkvæmdir á síðasta skólaári í húsnæði skólans, aðeins nokkrar tilfærslur í Laugarnesi og svo minniháttar breytingar í Skipholti. Á vorönn tók skólinn á leigu til þriggja ára Skemmtihúsið að Laufásvegi 22. Húsnæðið er ætlað fyrst og fremst sem aðstaða fyrir meistaranema.

Opni listaháskólinn:

Alls voru haldnir undir merkjum Opna listaháskólans 28 opnir fyrirlestrar á síðasta starfsári, 18 um myndlist, og 10 um hönnun og arkitektúr.

Ársreikningur 2007 – 2008:

Ársreikningur fyrir starfsárið 2007 – 2008 var samþykktur á fundi stjórnar skólans 21. október síðastliðinn.

Tekjur voru alls kr. 708.497.943 og rekstrarkostnaður kr. 701.696.957. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var þannig kr. 6.800.986.

Að teknu tilliti til fjármagnsliða kemur reksturinn út í tapi sem nemur kr. 396.852 en eins og menn vita hafa vextir og verðbætur hækkað verulega á síðustu misserum. Árið þar áður kom reikningurinn út að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar með rúmlega 16 milljón króna hagnaði.

Langtímaskuldir skólans, miðað við 31. júlí síðastliðinn, nema rúmlega 46 milljónum króna.

Dansmennt ehf. / Listdansskóli Íslands:

Dansmennt ehf., er einkahlutafélag í eigu Listaháskólans. Félagið hefur það eina hlutverk að reka Listdansskóla Íslands, sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Skólaárið 2007 – 08 var annað starfsár Listdansskólans undir stjórn Dansmenntar. Skólastjóri er Lauren Hauser, og Jóna Finnsdóttir rekstrarstjóri.

Rekstur Listdansskólans hefur gengið eftir væntingum þessi fyrstu tvö ár, og starfsemin öflug. Afkoman í rekstri skólaárið 2007 – 08 var aðeins neðan við núllið, sem verður að teljast gott, sérstaklega þar sem talsverður kostnaður var við endurreisn skólans í nýju rekstrarformi.

Helstu málin skólaárið 07- 08:

- Úttekt á starfsemi skólans og formleg viðurkenning menntamálaráðuneytis, dags. 5. september 2007.
- Stefnumótun 2008 – 2012 og undirbúningur nýs samnings við menntamálaráðuneyti.
 - a) Endurskilgreining á hlutverki skólans.
 - b) Endurskilgreiningar á stefnumiðum.
 - c) Áætlun um námsbrautir og uppbyggingu náms.
 - d) Áætlun um fjölda nemenda eftir námsbrautum og námsstigum.
 - e) Skilgreining á rannsóknarhlutverki skólans og tillaga að rannsóknarstefnu.
 - f) Breytingar á skipulagi stjórnsýslu.

- g) Markmið um tengsl skólans við samfélagið.
- h) Áætlun um nýbyggingu.
- Stofnun rannsóknarþjónustu og skilgreining rannsókna innan skólans
- Stofnun tveggja námsbrauta í tónlistardeild.
- Diplómabraut í dansi umbreytt í námsbraut í samtímadansi til BA prófs.
- Byggingamál:
 - a) Rammasamningur við Samson Properties um makaskipti á lóðum og hönnun, byggingu og leigu nýs skólahúsnæðis fyrir Listaháskólann í miðborg Reykjavíkur, undirritaður 4. des. 07.
 - b) Lokagerð húsrýmisáætlunar.
 - c) Samkeppni um hönnun nýrrar byggingar á Frakkastígsreit og Hverfisgötareit. Úrslit birt 17. júlí 2008.
 - d) Kynning á tillögu að nýbyggingu skólans og umsókn um breytingu á deiliskipulagi til Reykjavíkurborgar.

Önnur mál, m.a.:

- Fundir rektors með nemendum, alls 13 fundir á tímabilinu 5. – 13. febrúar. Skýrslur um hvern fund birtar á innri vef skólans.
- Kennslumat: yfirferð og eftirfylgni.
- Breytingar á skipan inntökunefnda í leiklist.
- Skipulag inntöku og skipan inntökunefnda.
- Útskrift og útskriftarhátíð 31. maí.
- Endurnýjun skólareglna fyrir skólaárið 08 – 09.
- Starfsmannamál; ráðningar og kjör, starfsmannaviðtöl.
- Skilgreining á starfsheitum kennara.
- Starfsemi Menntasjóðs.
- Skýrsla með tillögum um nám í ljósmyndun.
- Skýrsla með tillögum um meistaranám í listkennslu.
- Námsbraut innan Opna listaháskólans fyrir listkennara sem leita endurmenntunar.
- Starfsemi Styrktarsjóðs Halldórs Hansen.
- Rekstur Dansmenntar ehf / Listdansskóla Íslands.
- Ýmis málarekstur: úrskurður Héraðsdóms í kæru fyrrum nemenda á hendur skólanum, s.k. eiturefnamál; úrskurður Héraðsdóms í kæru eiganda sýningarhúsnæðis í Ártúnsbrekku á hendur skólanum; úrskurður Persónuverndar í máli Listaháskólans gegn menntamálaráðuneytinu vegna upplýsinga um umsækjendur um nám.
- Umsagnir um þingmál: frumvarp til myndlistarlaga, frumvarp til laga um starfsréttindi kennara.
- Kynjadagar Listaháskólans.
- Málþingið “Réttur til menningar og menningarleg staða Íslands,” haldið í Laugarnesi 14. febr. í samvinnu við utanríkisráðuneytið.
- Ýmis önnur sértæk verkefni, s.s: námskeið í tónlistarmiðlun á Litla Hrauni 7. – 11. janúar, samkeppni tónlistarnemenda um að leika á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- Heimsóknir gesta / móttökur.
- Samstarf við aðra íslenska háskóla / Samstarfsnefnd háskólastigsins.
- Samstarf við listaháskóla erlendis, m.a. heimsókn í 5 listaháskóla í Hollandi í október 2007 ásamt með deildarforsetum.

- Samstarf við listastofnanir.
- Ráðgjöf og samráð við stjórnvöld.

Helstu verkefni framundan:

Viðræður við menntamálaráðuneyti um nýjan rekstrarsamning um kennslu og rannsóknir. Endurskoðun reiknilíkans fyrir námsbrautir Listaháskólans.

Breytingar á stjórnkerfi skólans með hliðsjón af ábendingum matsnefndar menntamálaráðuneytis.

Könnun á afdrifum útskrifaðra nemenda Listaháskólans og viðhorfa þeirra til námsins og stofnunarinnar.

Undirbúningur ytra mats á starfsemi skólans, sbr. áætlun menntamálaráðuneytis:

- vor/haust 2009: eftirfylgni viðurkenningar
- vor 2011: fagúttekt á myndlistardeild
- vor/haust 2011: fagúttekt á listkennsludeild

Uppbygging nýrra deilda og námsbrauta:

- Námsbrautir á bakkalárstigi: ljósmyndun, kvikmyndalist.
- Stofnun nýrrar deildar í listkennslu.
- Skilgreining á meistaranámsbrautum: tónsmíðar, tónlistarmiðlun, myndlist, hönnun, arkitektúr, myndlistarmiðlun/sýningarstjórn, leikaranám, ritlist, þverfaglegt nám /deiglan.

Verkefni til mótvægis vaxandi atvinnuleysi og til stuðnings skapandi atvinnuvegum:

- Ljósbot / Prisma: þverfagleg námsleið í samvinnu við Háskólann á Bifröst.
- “I am Innovation,” – vefsvæði til stuðnings frumkvöðlastarfsemi á grasrótastigi.
- Hugmyndahús fyrir uppfinningafólk og frumkvöðla í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.

Þróun rannsókna við skólann og uppbygging rannsóknarþjónustu.

Forma rannsóknarstefnu og móta umgerð fyrir rannsóknir innan skólans.

Skipuleggja útgáfumál.

Endurnýja vefsíðuna.

Halda áfram uppbyggingu bókasafns, stefnt að 60.000 eintöku við flutning í nýtt hús.

Endurnýja búnað og tæki á verkstæðum skólans.

Efla samráð við lista- og menningarstofnanir.

Koma landsbyggðastefnunni í gagnið.

Móta framtíðarstefnu fyrir Opna listaháskólann.

Undirbúningur nýbyggingar við Laugaveg.

HHR 24.11.08

